

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. nóvember 2021

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um
reglugerð um frádrátt af atvinnustarfsemi eða sjálfstæðri starfsemi.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnustarfsemi eða sjálfstæðri starfsemi

Mál nr. 209/2021

Almennt um reglugerðina

Félagið telur að með tilkomu þeirra ákvæða sem birtast í 15.-19. grein reglugerðarinnar verði rennt styrkari stoðum undir rekstur félaga sem starfa án hagnaðarsjónarmiða til almannaheilla, þ.m.t. starfsemi Rauða krossins.

17. grein þarfnast þó frekari skoðunar.

Athugasemdir við einstakar greinar reglugerðarinnar

17. gr. c-liður

Ætla má að í þessum lið sé fjallað um hjálparlið almannaheilla. Rauði krossinn sinnir því hlutverki auk þeirra aðila sem þegar eru tilgreindir í liðnum samkvæmt samningi Rauða krossins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar við stjórnvöld um hjálparlið almannaheilla sem gilt hefur síðan 1974.

Tillaga að orðalagi:

- Hjálparlið almannaheilla. Starfsemi Rauða krossins, starfsemi björgunarsveita, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda, sem sameiginlega gegna hlutverki hjálparliðs almannaheilla sbr. lög um almannaheilla nr. 82/2008, lög um Rauða krossinn á Íslandi, merki Rauða krossins og Rauða hálfmánans og Rauða kristalsins nr.115/2014 og lög um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn nr.43/2003.

Lokaorð

Starfsfólk Rauða krossins er reiðubúið að taka upp samtal við starfsfólk fjármála- og efnahagsráðuneytis svo frekar megi gera grein fyrir afstöðu félagsins.